

Umsögn Stafholtssóknar Vesturlandsprófastsdæmi um

16. mál kirkjuþings

T I L L A G A

að starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Lagðar eru til breytingar á 5 og 6 gr. Breytingartillagan gengur út á að allir varamenn í sóknarnefnd séu kosnir í hvert sinn sem kosið er til sóknarnefndar. Skrifað hefur verið inn í greinina með rauðu það sem lagt er til að bætist við og settur svigi utanum það sem lagt er til að falli brott.

IV. KAFLI

Skipun sóknarnefnda.

5. gr.

■ Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem starfar undir forystu

sóknarnefndarformanns í nánu samstarfi við sóknarprest

□ Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefndarmenn (og varamenn **falli út**) til fjögurra ára í

senn. **Allir varamenn skulu kosnir í hvert sinn sem kosið er í sóknarnefnd, þ.e til tveggja ára.**

□ Sóknarnefnd starfar í umboði safnaðarins og ber ábyrgð gagnvart honum.

□ Sóknarnefnd starfar á grundvelli laga um þjóðkirkjuna, starfsreglna og samþykta kirkjuþings.

6. gr.

■ Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið

vígslu til prests eða djákna.

□ Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarbörn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarbörn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarbörn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn.

Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundum þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta.

Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

□ Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í

forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að

kefja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. Nú forfallast aðalmaður varanlega og skal þá kosinn nýr aðalmaður út kjörtímabil sóknarnefndar.

□Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og **allir** varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir:

Árið (2025 **falli út**) 2023 skulu tveir af þremur, þrjú af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu **aðalmanna** ganga úr nefndinni (og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.**falli út**)

Árið (2023 **falli út**) 2025 skulu einn af þremur, tveir af fimm, þrjú af sjö og fjórir af níu aðalmanna (og varamanna **falli út**) ganga úr nefndinni (og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.**falli út**)

□Skal síðan kosið um hluta sóknarnefndar **og alla varamenn** á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmi við 4. og 5. mgr. ákvæðis þessa.

Tillaga að breytingum :

Lagt er til að 5.gr breytist þannig að orðin ”og varamenn ” falli út. Við málsgreinina bætist setningin: ”*Allir varamenn skulu kosnir í hvert sinn sem kosið er í sóknarnefnd, þ.e til tveggja ára ”.*

6 gr. Við greinina bætist að ”*allir*” varamenn ganga úr nefndinni sem hér segir:.

Lagt er til að Árið 2023 skulu tveir af þremur, þrjú af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu aðalmanna ganga úr nefndinni. Út falli orðin: ”og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar”.

Lagt er til að: ”árið 2025 skulu einn af þremur, tveir af fimm, þrjú af sjö og fjórir af níu aðalmanna ganga úr nefndinni”. Út falli orðin ”og varamanna” og ”og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar”.

Lagt er til að við greina bætist orðin ”og *alla varamenn*”

Greinargerð:

Í núverandi Starfsreglum um sóknarnefndir eins og þær birtast á vef kirkjunnar er gert ráð fyrir því að hluti varamanna í sóknarnefnd sé kosin í hvert sinn sem kosið er í sóknarnefnd. Í 16. máli kirkjubings 2021-2022 Tillaga að starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir er gerð tillaga um að sami háttur verði á kjöri aðal og varamanna. Í núverandi starfsreglum og þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að varamenn taki sæti aðalmanna í þeirri röð sem varamennirnir voru kosnir. Miðað við þetta þá átti að kjósa tvo varamenn í ákveðin sæti varamanna árið 2019. Hefði þá verið kosið í t.d. annað og þriðja sæti varamanns í þriggja manna sóknarnefnd. Næst þegar hefði verið kosið árið 2021 þá hefði verið kosin fyrsti varamaður. Hvað ef fundurinn 2021 vildi nú kjósa þann sem var kosin til fjögurra ára, annar

varamaður árið 2019 sem fyrsta varamann. Hvernig á að breyta röð varamanna án þess að ganga á þá kosningu sem fór fram tveim árum fyrir þegar varamaður var kosin í ákveðið sæti til fjögurra ára.

Sóknarnefnd Stafholtsóknar telur eðlilegast að breyta reglunum um kjör til sóknarnefndar á þann veg að í hvert sinn sem er kosið í sóknarnefnd verði allir varamenn kosnir.

Í núverandi tillögum mál nr. 16 að starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir er gert ráð fyrir því að árið 2023 verði minnihluti aðal og varamanna kosin og að árið 2025 verði meirihluti aðal og varamanna kosin.

Í núverandi starfsreglum um sóknarnefndir er gert ráð fyrir því að árið 2013 hafi verið kosið um minnihluta sóknarnefndar og um meirihluta sóknarnefndar árið 2015. Síðan átti að kjósa um hluta sóknarnefndar á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmai við 6. og 7. mgr. 3 gr. starfsreglnanna. Miðað við núverandi starfsreglur þá á að kjósa um minnihluta sóknarnefndar árin 2021 og 2025 og um meirihluta sóknarnefndar árin 2023 og 2027.

Í núverandi tillögum að starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir er þessu víxlað frá núverandi starfsreglum..

Ekki sjást rök fyrir því að víxla kjöri minni og meirihluta sóknarnefnda og því er gerð tillaga um núverandi skipulagi verði haldið og meirihluti sóknarnefndar verði kosin 2023 og minnihluti sóknarnefndar 2025. Síðan verði kosið um hluta sóknarnefndar á tveggja ára fresti eftirleiðis.

Með kveðju

Sóknarnefnd Stafholtssóknar

Brynjólfur Guðmundsson brynj@centrum.is 8637398

Erla Gunnlaugsdóttir

Þorvaldur T. Jónsson